

Frá ritstjórum

Íslenska þjóðfélagið hefur nú lokið áttunda útgáfuári sínu og í fyrsta sinn er tímaritið nú einungis gefið út rafrænt. Komið hefur á daginn að rafræn útgáfa hentar tímaritinu vel, ekki síst vegna þess að hún flýtir fyrir birtingarferlinu. Íslenska þjóðfélagið birtir núna allar greinar um leið og þær eru tilbúnar til útgáfu. Á árinu 2017 náðum við að gefa út eitt hefti með fjórum greinum, en auk þess birtist sérhefti í tilefni af 20 ára afmæli Félagsfræðingafélags Íslands. Á árinu fengum við send 13 handrit til umfjöllunar, þar af var sjö hafnað og fimm sett í ritrýniferli, en fjögur voru birt á árinu.

Það má segja að þrjár af þessum greinum hafi sameiginlegt þema, sem er virk þátttaka í íslensku samfélagi. Ísland er með eina mestu atvinnuþátttöku í OECD löndunum, bæði meðal karla og kvenna. Á sama tíma er alþjóðleg þróun áberandi þar sem fleiri sækja sér háskólamenntun en áður fyrr. Greinin „Ofmenntun á íslenskum vinnumarkaði: Staðall meðal háskólamenntaðs fólks“, sem Jason Már Bergsteinsson, Ingi Rúnar Eðvarðsson og Guðmundur Kristján Óskarsson eru höfundar að, skoðar stöðu háskólamenntaðra á Íslandi. Þeir spyrja hvort hækkandi menntunarstig á Íslandi geti leitt til ofmenntunar á íslenskum vinnumarkaði. Greinin byggir á tilviljunarúrtaki úr Þjóðskrá og benda niðurstöður til þess að hluti íslenska vinnumarkaðsins sé ofmenntaður. Enn fremur kemur fram að tegund prófgráðu og kyn tengjast ofmenntun einstaklinga.

Þátttaka, eða öllu heldur skortur á þátttöku, er rauður þráður í grein Grétars Þórs Eypórssonar og Evu Heiðu Önnudóttur. Þau beina athyglinni að sveitarstjórnarkosningunum 2014 og spyrja hvers vegna kjörsókn þá var miklu minni en nokkurn tímann áður. Í ljós kom að ungt fólk rökstuddi það hvers vegna það kaus ekki með því að segja að það væri of mikil fyrirhöfn eða að það hefði engan áhuga á stjórnmálum. Eldra fólk var aftur á móti líklegra til þess að nefna efnislegar ástæður fyrir því að kjósa ekki.

Annað sjónarhorn á samfélagsþátttöku birtist í grein Unnar Dísar Skaptadóttur og Erlu S. Kristjánsdóttur. Sú grein fjallar um reynslu og upplifun flóttakvenna á Íslandi. Höfundar ræða meðal annars um hvernig flóttakonur á Íslandi væru tilbúnar til þess að taka miklu meiri þátt í íslensku samfélagi, en það sem gerir þeim erfitt er lítil íslenskukunnátta, atvinnuleysi og búseta á landsbyggðinni. Enn fremur eru kynjahlutverk á Íslandi allt önnur en í heimalandinu og upplifa flóttakonur það jafnvel sem hindrun í að aðlagast íslensku samfélagi.

Kynjahlutverk karla eru tekin fyrir í greininni eftir Rannveigu Ágústu Guðjónsdóttur og Gyðu Margréti Pétursdóttur. Þær styðjast við viðtalsgögn, líkt og Unnur og Erla, sem varpa ljósi á úrvinnslu tilfinninga hjá karlkyns lögreglumönnum eftir streituvekjandi atvik í starfi. Rannsakendur sýna fram á að það er takmarkað rými í lögreglunni fyrir tilfinningasemi, en lögreglumenn nýta oft svartan húmor í staðinn fyrir að nýta sér þau úrræði sem eru í boði á vegum vinnustaðarins. Vísbendingar komu fram um að starfsmenn sem pössuðu ekki vel við ráðandi hugmyndir um karlmennsku ættu það á hættu að verða fyrir einelti eða tilraunum til eineltis.

Í lok ársins 2017 lét Jón Gunnar Bernburg af störfum sem ritstjóri tímaritsins. Íslenska þjóðfélagið heldur þó áfram starfinu af fullum krafti og nú þegar á nýju ári hafa ný handrit tekið að berast. Jafnframt er ráðgert að gefa út fleiri sérhefti á næstu misserum. Framtíð tímaritsins er björt. Ritstjórn mun halda áfram að vinna faglega með öll handrit sem berast.

Ritstjórar Íþ,

Jón Gunnar Bernburg

Thamar Melanie Heijstra